



### Ísafjarðarkaupstaður

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir  
Stjórnsýsluhúsinu Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Reykjavík, 9.7.2015

### Málefni: Grenndarkynning vegna lóðar nr. 3 á Dagverðardal.

Þar sem deiliskiplag Dagverðardals er ekki í gildi, væri eðlilegt að að fara í **grenndarkynningu á nýju deiliskiplagi fyrir Dagverðardal**, fremur en grenndarkynningu á einstakri lóð.

Telja má fremur ólíklegt að eigendur fasteigna á Dagverðardal samþykki að byggt sé nýtt hús á miðjum veginum heim að húsum þeirra, og því er þessi grenndarkynning á lóðarumsókn ekki líkleg til að leysa þetta mál.

Ísafjarðarkaupstaður verður að ljúka sínum skyldum sem skipulagsyfirvald í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og í sátt við íbúa á Dagverðardal og fá nýtt deiliskiplag staðfest, áður en byggingarfulltrúi og byggingarnefnd veitir byggingarleyfi fyrir nýbyggingum á Dagverðardal.

Við viljum því mótmæla því að **send sé út grenndarkynning á einstakri lóðaumsókn**, á meðan ekki er til gilt deiliskiplag fyrir Dagverðardalinn.

Okkur er ekki ljóst af hvaða ástæðum deiliskiplagstillagan, sem kynnt hefur verið fyrir bæjarbúum sem staðfest deiliskiplag, hefur **EKKI** fengið staðfestingu Skipulagsstofnunar, en væntanlega er um það að ræða að deiliskiplagstillagan stangast á við skipulagslög. Það vekur furðu að Ísafjarðarkaupstaður hafi ekki á þessum tíma haft metnað til að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar voru til að fá deiliskiplagið staðfest.

Þessi vinnubrögð Ísafjarðarkaupstaðar eru fáséð klúður og aðalega líkleg til að etja saman núverandi eigendum fasteigna á Dagverðardal og Styrktarsjóðnum Framför sem leiddur hefur verið í gildru með ærnum tilkostnaði, sem Ísafjarðarkaupstaður er án efa skaðabótaskyldur fyrir.

**Við viljum því mótmæla því að gefin séu út byggingarleyfi á þessu svæði, nema fyrst verði lokið við nýtt deiliskiplag í sátt við fasteignaeigendur á Dagverðardal og það staðfest af Skipulagsstofnun, og þess vegna mótmælum við frekari framkvæmdum á lóðinni nr. 3 á Dagverðardal.**

Afrit af þessu svari ÖX ehf. sem er eigandi Dagverðardals 2, verður sent til Skipulagsstofnunar.

Virðingarfyllst,

**ÖX ehf.**

  
Asgeir Erling Gunnarsson  
  
Ljía Guðrún Steinsdóttir